

10

AUGLÝSING

22. febr.

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Voga í Vatnsleysustrandarhreppi.

Félagsmálaráðuneytið hefur í dag, samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921, staðfest byggingarsamþykkt fyrir Voga í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1947 að öðru leyti en því, að kjörtímabil byggingarnefndarmanna í 1. mgr. 2. gr, samþykktar þessarar er fjögur ár.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

11

GJALDSKRÁ

23. febr.

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja landingu skal greiða landingargjald kr. 24.45 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 12.22 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 40.75.

2. Flugskýlisleiga:

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 146.69 á hvern m² gólfplatar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 20.37 á m² á mánuði, en kr. 203,73 á m² á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	leiga á sólarhring	leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 40.75	kr. 407.47
12—15 —	— 101.87	— 814.94
15—18 —	— 162.99	— 1222.41
18—21 —	— 224.11	— 1629.88
21—24 —	— 285.23	— 2037.35
24—27 —	— 325.98	— 2444.82
27—30 —	— 366.72	— 2852.20
Yfir 30 —	— 407.47	— 4074.70

3. Staðis- og fastagjöld:

Staðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd staðisgjöld sem hér segir: